# Skýringar á gögnum vegna kortlagningar á auðlindum ferðaþjónustunnar

Meðfylgjandi eru skýringar fyrir gögn úr verkefninu “Kortlagning á auðlindum ferðaþjónustunnar”, sem unnið var skv. útboði seinni hluta árs 2014. Upplýsingarnar eru byggðar á mati þátttakenda í verkefninu. Lýsingar og heimildir eru skráðar af Alta ehf.

- “audkenni” Hvert stak hefur 10 stafa auðkenni
- „heiti“ Nafn á stað.
- “svf_nafn” er heiti sveitarfélags.
- „svf_nr“ Númer sveitarfélags er úr lista yfir 74 sveitarfélög sem stuðst var við í vinnslu verkefnisins.
- Póstnúmer (“postnumer”) eru fengin úr landupplýsingagögnum Landmælinga Íslands. Stundum lentu stök utan þeirra fláka sem LMÍ skilgreinir og voru þá handfærð inn póstnúmer aðlægs fláka.
- Upplýsingar um friðlýsingar, þ.e. heiti friðlýsts svæðis (“frid_nafn”) og friðlýsingarflokkur (“frid_flokkur”) eru fengnar úr landupplýsingum Umhverfisstofnunar.
- Lat og Lng eru hnit í WGS84 hnitakerfinu.
- ISN93E og ISN93N eru hnit í ISN93 hnitakerfinu.
- “flokkar” lýsa því sem áhugavert er á staðnum.
- Aðdráttarafl (“adrattarafl”) var metið eftir fyrirfram skilgreindum flokkum sem hér segir:
  - (0) Ekkert aðdráttarafl.
  - (1) Lítið aðdráttarafl (ólíklegur áfangastaður gesta).
  - (2) Miðlungs aðdráttarafl (áhugaverður og líklegur áfangastaður).
  - (3) Sérlega áhugaverður staður (einn af helstu áfangastöðum á svæðinu).

  Gefin var upp sú viðmiðun að staður hefði miðlungs aðdráttarafl (þ.e. áhugaverður og líklegur áfangastaður) eða meira ef gera mætti ráð fyrir að 20-30% ferðalanga vildu leggja u.þ.b. 10 mínútna lykkju á leið sína til að njóta staðarins.
- Aðgengi að staðnum (“adgengi”) var tilgreint eftir fyrirfram skilgreindum flokkum sem hér segir:
  - (0) Ekki er akfært að staðnum. Ganga þarf meira en 500 m frá enda akvegar að staðnum (eða nota bát ef aðstæður eru þannig)
  - (1) Akfært er að staðnum á sérútbúnum ökutækjum, s.s. jeppum og öðrum torfærutækjum.
  - (3) Akfært er að staðnum á fólksbílum og öðrum farartækjum.
- Takmörkun á aðgengi að staðnum (“takm_adg”) var tilgreind eftir fyrirfram skilgreindum flokkum sem hér segir:
  - (0) Opið öllum óháð leyfi. Friðlýsingarreglur gilda ef við á.

- (1) Aðgangur háður leyfi landeiganda. Friðlýsingarreglur gilda ef við á.
- (2) Tímabundin/árstíðabundin opnun. Friðlýsingarreglur gilda ef við á.
- (3) Aðgangur að svæðinu er óheimill.

- "erfitt_vetraradg": Búast má við að vetraraðstæður takmarki aðgengi bifreiða verulega.

- "adg_fatladra": Gott aðgengi hreyfihamlaðra frá náttúrunnar hendi eða búið að auðvelda það með framkvæmdum.

- "skilti": Upplýsingaskilti er á staðnum.

- "bilastaedi": Bílastæði er á staðnum.

- "salerni": Salerni er á staðnum.

- „vidveg" lýsir því hvort staður er í 500 m fjarlægð frá skilgreindu vegakerfi eða ekki, samkvæmt grunni Landmælinga Íslands

- Lýsingar ("lysing") ásamt heimildum ("heimild") skráði Alta í samræmi við útboðslýsingu.

- „abt_gesta" Athugasemdir sem matsaðilar skráðu og töldu að gætu átt erindi við **gesti** sem koma á staðinn.

- „abt_fdila" Athugasemdir sem matsaðilar skráðu og töldu að gætu átt erindi við **ferðaþjónustuaðila** sem koma með gesti á staðinn.